

# **HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS**

---

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands  
Odda v/Sturlugötu  
Sími: 525-4500/525-4553  
Fax nr: 552-6806  
Heimasíða: [www.hag.hi.is](http://www.hag.hi.is)  
Tölvufang: [ioes@hag.hi.is](mailto:ioes@hag.hi.is)

Skýrsla nr. C92:04

## **Samanburður á heilbrigðisútgjöldum Fyrri hluti**

Skýrsla til heilbrigðisráðuneytisins

1992



# Efnisyfirlit

---

## *Fyrri hluti*

<b>Formáli .....</b>	<b>3</b>
<b>1. Inngangur og helstu niðurstöður .....</b>	<b>4</b>
<b>2. Alþjóðlegur samanburður í heilbrigðismálum .....</b>	<b>7</b>
<b>2.1. Fyrirvarar .....</b>	<b>7</b>
<b>3. Aðferðafræðin .....</b>	<b>8</b>
<b>3.1. Hvaða samanburðartölur eru skoðaðar? .....</b>	<b>8</b>
<b>3.2. Gögn .....</b>	<b>8</b>
<b>3.3. Samanburðarlönd og tími .....</b>	<b>8</b>
<b>3.4. Samanburðaraðferðir .....</b>	<b>9</b>
<b>3.5. Aldursvegnar mannfjöldatölur .....</b>	<b>10</b>
<b>4. Heildarútgjöld til heilbrigðismála .....</b>	<b>11</b>
<b>4.1. Heildarútgjöld til heilbrigðismála, hlutfall af VLF .....</b>	<b>11</b>
<b>4.2. Heildarútgjöld til heilbrigðismála á mann í USD,         umreiknuð með skráðu meðalgengi .....</b>	<b>14</b>
<b>4.3. Heildarútgjöld til heilbrigðismála á mann í USD,         umreiknuð með gengisvísitölu (ppp-VLF) .....</b>	<b>15</b>
<b>4.4. Heildarútgjöld til heilbrigðismála á mann í USD, umreiknuð með skráðu         meðalgengi, miðuð við aldursvegnar mannfjöldatölur .....</b>	<b>16</b>
<b>4.5. Heildarútgjöld til heilbrigðismála á mann í USD, umreiknuð með         gengisvísitölu (ppp-VLF), miðuð við aldursvegnar mannfjöldatölur .....</b>	<b>17</b>
<b>5. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála .....</b>	<b>18</b>
<b>5.1. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála, hlutfall af VLF .....</b>	<b>18</b>
<b>5.2. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála á mann,         umreiknuð með skráðu meðalgengi .....</b>	<b>20</b>
<b>5.3. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála á mann,         umreiknuð með gengisvísitölu (ppp) .....</b>	<b>21</b>
<b>5.4. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála á mann í USD, umreiknuð með         skráðu meðalgengi, miðuð við aldursvegnar mannfjöldatölur .....</b>	<b>22</b>
<b>5.5. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála á mann í USD, umreiknuð með         gengisvísitölu (ppp-VLF), miðuð við aldursvegnar mannfjöldatölur .....</b>	<b>23</b>

<b>6. Útgjöld hins opinbera, skipting milli nokkurra málaflokka .....</b>	<b>24</b>
6.1. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála, hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera .....	24
6.1. Neysluútgjöld hins opinbera til heilbrigðismála, hlutfall af heildarneysluútgjöldum .....	25
6.2. Hlutfallsleg skipting neysluútgjalda hins opinbera nokkrir flokkar .....	26
<b>7. Fjöldi starfsmanna í heilbrigðisþjónustu .....</b>	<b>27</b>
7.1. Fjöldi starfandi lækna á hverja 1.000 íbúa .....	27
7.2. Fjöldi menntaðra hjúkrunarfæðinga á hverja 1.000 íbúa .....	28
7.3. Fjöldi starfandi hjúkrunarfæðinga, sjúkraliða og ljósmæðra á hverja 1.000 íbúa .....	28
7.4. Fjöldi starfandi tannlækna á hverja 1.000 íbúa .....	29
7.5. Fjöldi starfandi sjúkraþjálfara á hverja 1.000 íbúa .....	29
<b>8. Framleiðsluþáttanotkun sjúkrastofnanna og ýmsar "nýtingartölur" .....</b>	<b>30</b>
8.1. Meðallengd legu á sjúkrastofnunum .....	30
8.2. Meðallengd legu á almennum sjúkradeildum .....	31
8.3. Meðalfjöldi legudaga á sjúkrastofnunum á hvern íbúa .....	32
8.4. Meðalfjöldi legudaga á almennum sjúkradeildum á hvern íbúa .....	33
8.5. Fjöldi sjúkrarúma á sjúkrastofnunum á hverja 1.000 íbúa .....	34
8.6. Fjöldi sjúkrarúma á almennum sjúkradeildum á hverja 1.000 íbúa .....	35
8.7. Hlutfallsleg nýting legurýmis á sjúkrastofnunum .....	36
<b>9. Viðaukar .....</b>	<b>37</b>
9.1. Próun nokkurra verðvísitalna og gengis á Íslandi .....	37
9.2. Próun gengis og gengisvísitölu í nokkrum löndum .....	38
9.3. Próun í útgjöldum ríkisspítala, staðvirt .....	40
9.4. Töflur .....	41
9.5. Aldursvegin heilbrigðisútgjöld, annað vægi .....	58
<b>10. Heimildaskrá .....</b>	<b>60</b>

## *Síðari hluti*

Viðauki - myndi

## **Formáli**

---

Pessi skýrsla er unnin að beiðni heilbrigðisráðuneytisins. Í henni er leitast við að bera saman kostnað í sjúkrabjónustu á Íslandi og í nálægum löndum. Vonast er til að skýrslan komi að góðu gagni í þeiri umræðu er nú fer fram um heilbrigðismál.

Pórólfur Matthíasson hefur haft umsjón með verkinu en það er aðallega unnið af Brynhildi Benediktsdóttur, B.S. econ.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

í febrúar 1992

Guðmundur Magnússon,  
forstöðumaður.

# 1. Inngangur og helstu niðurstöður

---

Umræðan um heilbrigðismál og útgjöld til þeirra einangrast ekki við Ísland, heldur hafa ýmsar þjóðir haft af því áhyggjur hve hlutur heilbrigðisútgjalda hefur vaxið á undanförnum árum og áratugum. Á sama tíma hafa margar þjóðir verið að glíma við erfiðleika í ríkisfjármálum og hallarekstur ríkisins.

Með tilliti til þeirra upphæða sem í húfi eru og jafnframt þess að góð heilbrigðisþjónusta er einn af hornsteinum velferðarkerfisins er mikilvægt að reyna að átta sig á hvort þróunin á Íslandi er svipuð og annars staðar, eða hvort og þá hvernig við skerum okkur úr hópi annarra.

Tilgangur þessarar úttektar er því að bera saman ýmsar tölur varðandi heilbrigðisútgjöld og heilbrigðismál milli landa, og reyna að fá hugmynd um hvar Íslendingar standa í þeim samanburði.

Í kafla 2. eru ræddir nokkrir fyrirvarar sem vert er að hafa í huga þegar tölur milli mismunandi landa eru bornar saman.

3. kafli er lýsing á þeim aðferðum sem beitt er, hvaða tölur er verið að skoða og hvaðan þau gögn eru fengin sem samanburðurinn byggir á. Einnig er gerð grein fyrir vali á samanburðartíma og löndum. Raktar eru stuttlega þær aðferðir sem notaðar eru til að gera tölur frá mismunandi löndum og í mismunandi gjaldmiðlum sambærilegar, helstu kostir þeirra og gallar. Hér má einnig finna greinargerð um hvernig útgjöld eru umreiknuð svo hægt sé að taka tillit til mismunandi fjölda aldraðra milli þjóða, eins konar aldursvegnar tölur. Það hefur löngum verið stundað í læknisfræði að "aldursvega" tölur yfir t.d. tíðni sjúkdóma, hér er hins vegar reynt að taka tillit til svipaðra þátta í heilbrigðisútgjöldum á mann og fá þar með raunsannari mynd af mismuni milli landa.

Í 4. og 5. kafla er síðan úttekt á heildarútgjöldum og útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála og í báðum tilfellum er endað að bera saman útgjöld á mann umreiknuð með gengisvísitölu og aldursvegnum mannfjöldatölum, sem ætti fræðilega séð að gefa sannasta mynd af heilbrigðisútgjöldum í mismunandi löndum af þeim aðferðum sem notaðar eru.

Til að fá gleggri mynd af því hve stórt hluti af útgjöldum opinberra aðila rennur til heilbrigðismála, er í 6. kafla sýnd hlutfallsleg skipting milli nokkura málaflokka.

Fjöldi starfsmanna í heilbrigðisþjónustu er viðfangsefni 7. kafla, þ.s. fjöldi einstaklinga í hverri starfsstétt eða starfsstéttum til samans, á íbúa, er borinn saman milli landa.

8. kafli hefur að geyma yfirlit yfir ýmsa þætti sem taldir eru gefa vísbendingu um afköst og nýtingu á sjúkrastofnunum, s.s. meðallengd legu, fjöldi legudaga o.s.frv. Óhægt er um vik að meta afköst eða "gæði" þjónustu sjúkrastofnana og þess vegna er þessi leið valin.

Í viðauka í 9. kafla er síðan að finna upplýsingar um verðlagsþróun á Ísland, auk þróunar gengis og gengisvísitölu til samanburðar í nokkrum viðmiðunarlanda. Lítillega er einnig talað um þróun í útgjöldum ríkisspítala. Að loku fylgja þar töflur með tölugögnum.

Í síðari hluta skýrslunnar má síðan finna allar þær myndir sem eru inn í megintextanum, prentaðar sér, án texta.

Megin niðurstöður þessarar úttekta eru sem hér segir:

Heildarútgjöld til heilbrigðismála hafa, í flestum þeirra landa sem athugunin náið til, vaxið nokkuð á síðustu árum og áratug. Útgjöld Íslendinga til heilbrigðismála hafa þó vaxið umfram það sem gerist meðal flestra viðmiðunarþjóða og á síðastliðnum áratug hafa útgjöldin hérlandis farið úr því að vera fremur lág í samanburði við aðrar þjóðir OECD, upp í að vera með þeim hæstu, og er sama hvaða viðmiðun er notuð. Sérstaklega er þessi þróun áberandi ef lítið er á tímabili frá 1985. Sé tekið tillit til hlutfalls eldri borgara af heildarmannfjölda hér og í viðmiðunarlöndunum, þ.e. ef heilbrigðisútgjöld eru aldursvegin, er þessi þróun enn greinilegri.

Af þeim samanburðaraðferðum sem notaðar voru má gera ráð fyrir að "réttasta" viðmiðunin fáist með að bera saman heildarútgjöld á mann í USD, umtreiknuðum með gengisvísitölu (ppp-VLF) og miða þau við aldursvegnar mannfjöldatölur. Sér það gert, reynast Bandaríkjamein og Pjóðverjar einir þjóða verja hærri upphæð en Íslendingar til heilbrigðismála af viðmiðunarhópnum. Sé lítið til þess að heildarútgjöld til heilbrigðismála í Bandaríkjum eru þau hæstu í heimi, t.d. tölувert stærra hlutfall af VLF en hjá næstur þjóðum eins og sést á mynd á bls. 12, er ástæða til að sannfærast um að útgjöld á mann hérlandis séu tölувert há. T.d. eru heilbrigðisútgjöld hérlandis, í hlutfalli af VLF þau fimmstu hæstu af aðildarlöndum OECD árið 1990. Í þessu sambandi má einnig benda á að Svíar og Bandaríkjamein verja umtalsverðum upphæðum til rannsókna og þróunarverkefna. Ekki skal fullyrt hér að útgjöld Íslendinga til heilbrigðismála yrðu hlutfallslega hærri en útgjöld Bandaríkjumanna og Svíu, ef tillit væri tekið til þessa, þó líklegt sé að bilið þar á milli myndi minnka. Hvað varðar þær aldursvogir sem notaðar voru, þá var einnig athugað hversu "viðkvæmir" útreikningarnir væru fyrir mismunandi vægi á hópunum 65 ára og eldri á móti þeim sem eru yngri en 65. Í viðauka 9.5. eru heilbrigðisútgjöld aldursvegin með því að gefa eldri hópnum enn þyngra vægi til að dreifa útgjöldum hérlandis meira, eða á fleiri "aldursvegna" einstaklinga. Þó að þetta sé gert breytist heildarmyndin lítið frá því sem er í kafla 4. og 5. Útreikningarnir eru því ekki mjög "viðkvæmir" fyrir breytingum á því hlutfalli sem eldri hópurinn tekur til sín af útgjöldum á móti þeim sem yngri eru.

Þar sem opinberir aðilar í Bandaríkjum greiða hlutfallslega lægri skerf heilbrigðisútgjalfa en gerist meðal flestra hinna landanna, breytist heildarmyndin nokkuð frá því sem gerist með heildarútgjöld til heilbrigðismála ef eingöngu eru tekin útgjöld opinberra aðila. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála hérlandis hafa fylgt þróun í heildarútgjöldum, enda þátttaka opinberra aðila í heilbrigðiskerfinu hér sem og hjá öðrum Norðurlöndunum mikil. Ef útgjöld hins opinbera eru reiknuð á mann í USD, með gengisvísitölu og aldursvegnum mannfjöldatölum, eru íslensku tölurnar mun hærri en annarra í viðmiðunarhópnum og eykst bilið heldur á síðustu árum. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála hérlandis, eru því með því hæsta sem gerist, og á það við hvort sem miðað er við aldursvegna tölur eða ekki, í hlutfalli af VLF eru íslensku útgjöldin t.d. þau önnur hæstu, næst á eftir útgjöldum Svíu. Í þessi sambandi má einnig benda á hve stórt hluti heildarútgjalfa hins opinbera hérlandis rennur til heilbrigðismála, hlutfallslega mun meira en almennt gengur og gerist sbr. 6 kafla þessarar úttektar. Vöxtur í heilbrigðisútgjöldum hins opinbera er mun meiri hérlandis en vöxtur í heildarútgjöldum, svo og vaxa útgjöld hins opinbera mun meir hérlandis á tímabilinu en í

viðmiðunarlöndunum. Útskýringar á þessari þróun liggja ekki á lausu, en ástæða væri til að athuga hvort fyrirkomulag greiðslukerfis gæti átt þar hlut að máli.

Fjöldi starfandi lækna á hvern íbúa hérlandis er nokkuð svipaður því sem gerist á hinum Norðurlöndunum og Pýskalandi, en hins vegar nokkuð fleiri en t.d. í Bretlandi og Bandaríkjunum. Starfsmenn í öðrum heilbrigðisstéttum eru hins vegar tiltölulega færri í samanburði við aðrar Norðurlandaþjóðir, t.d. fjöldi starfandi hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og ljósmaðra, sbr. kafla 7.3. (bls 27).

Í þeim viðmiðunartölu sem skoðaðar voru um sjúkrastofnanir, kemur fram að í flestum tilfellum eru íslensku tölurnar í hærri kantinum, og á það t.d. við um meðallengd legu, fjölda legudaga á hvern íbúa og hlutfallslega nýtingu legurýmis. Sérstaklega á þetta við um almennar sjúkradeildir, þ.e. þegar búið er að undanskilja langlegudeildir. Í kafla 8.4. hér á eftir má t.d. sjá að meðallengd legu á íbúa á Íslandi er um 90% lengri á almennri sjúkradeild en meðaldvöl í Danmörku og Bandaríkjunum. "Meðal-Íslendingur"-liggur því um 2 sinnum lengur á sjúkrahúsi en "meðal-Dani".

Fróðlegt væri að skoða tölur um fjölda heilbrigðisstarfsmanna og tölur sjúkrastofnanna með svipuðu "aldursvægi" og tölur um heilbrigðisútgjöld. Vandinn er að ekki hefur verið haldið saman sams konar hlutfallstölu um aldursflokkana 65 ára og eldri og undir 65 í þessum málaflokkum og notaðar voru til grundvallar aldursvogum í heilbrigðisútgjöldum. Þessar hlutfallstölur yrði því að finna með öðrum aðferðum og er nú verið að vinna að því verkefni á vegum Hagfræðistofnunar. Með tilliti til þeirra talna sem liggja fyrir nú þegar frá sjúkrastofnunum hérlandis, má gera ráð fyrir að aldursvegnar tölur myndu gefa enn "óhagstæðari" mynd fyrir Íslendinga.

Hér er ekki gerð tilraun til að meta gæði heilbrigðispjónustunnar á Íslandi, en óneitanlega virðist hún vera nokkuð fjárfrek, sérstaklega ef lítið er á útgjöld opinberra aðila í samanburði við þau lönd sem skoðuð hafa verið í þessari úttekt. Einnig stingur í augun visst ósamræmi sem virðist vera í tölur í 7. og 8. kafla. Íslendingar virðast liggja mun lengur á sjúkrahúsum en aðrir, en samt lítur út fyrir að mannaflí á sjúkrahúsum sé minni hér en í nágrannalöndunum, að læknum undanskildum. Þetta er þó að sjálfssögu háð því að gert sé ráð fyrir að hlutfall af stöðugildum á móti stöðnum eða unnum tínum. sé hið sama í öllum löndunum.

Par sem mannaflanotkun er ekki meiri hlýtur svarið að liggja í fjármagnsnotkun og/eða skipulagningu heilbrigðispjónustunar. Þær tölur sem liggja fyrir um þjónustu sjúkrastofnanna hérlandis og birtar eru í 8. kafla styðja þá tilgátu.

## **2. Alþjóðlegur samanburður í heilbrigðismálum**

---

### **2.1. Fyrirvarar**

Alþjóðlegur samanburður í heilbrigðismálum er erfiður af mörgum sökum. Einkum má þó nefna eftirfarandi atriði:

#### **1) Gögn**

Gögn frá mismunandi löndum eru í fæstum tilfellum sambærileg. Samanburður milli mismunandi landa verður aldrei betri en þau gögn sem hann byggir á. En gögn frá hverju landi um sig eru háð uppbyggingu heilbrigðiskerfisins á hverjum stað og fjármögnun þess. Til að auka vandkvæðin við samanburð á öllum tölum í þessum málaflokki, þá styðjast gögn varðandi heilbrigðisþjónustu ekki við alþjóðlegan staðal líkt og þjóðhagstölur og verður því oft að "leiðrétt" gögn frá mismunandi löndum til að þau verði samanburðarhæf.

#### **2) Árangur í heilbrigðismálum**

Árangur mismunandi kerfa eða landa er illmælanlegur, vegna þess hve erfitt er að mæla afköst og árangur heilbrigðisþjónustunnar. Þetta er vandamál sem á einnig við innan hvers lands um sig. Mælikvarði á árangur er almennt ekki tiltækur, utan grófar vísbendingar, svo sem ungbarnadaudi, ævilíkur og fjöldi dauðsfalla af völdum tiltekinna sjúkdóma. Mælingar á afköstum og hagkvæmni hafa því einkum beinst að því að athuga notkun framleiðslubátta í heilbrigðisþjónustu, s.s. fjölda starfandi lækna, fjölda legudaga, sjúkrarúma á íbúa o.s.frv.

#### **3) Mismunur milli landa**

Það er einnig erfitt að meta eða leiðréttu fyrir áhrifum mismunandi félagslegra, menningarlegra, landfræðilegra og hagrænna þátta milli landa. Á einum þessara þátta hefur þó verið reynt að taka í þessari úttekt, þ.e. ólíkri aldurssamsetningu þjóða, sbr. kafla 3.5. um aldursvegnar mannfjöldatölur.

Við eftirfarandi samanburð er því vert að hafa ofangreinda fyrirvara í huga. Í þeim tilfellum sem íslenskar tölur víkja að ráði frá erlendum, þó einkum tölum frá öðrum Norðurlöndum, má þó ætla að samanburðurinn gefi tilefni til að staldra við og athuga hvort þar liggi eitthvað að baki sem frekari skoðunar þurfi við.

## **3. Aðferðafræðin**

---

### **3.1. Hvaða tölur eru bornar saman?**

Í eftirfarandi samantekt er í stórum dráttum farið ofan í saumana á eftirfarandi tölum:

- Heildarútgjöld til heilbrigðismála
- Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála
- Fjöldi starfsmanna í heilbrigðisstéttum
- Ýmsar tölur um framleiðsluþáttanotkun sjúkrahúsa

### **3.2. Gögn**

Allar fjölpjóðlegar samanburðartölur eru teknar úr gagnagrunnum eftirfarandi fjölpjóðastofnana:

- OECD
- Nordisk Medicinal statistisk Komité (NOMESKO)
- Nordiska Statiska Sekretariatet.

Par að auki er stuðst við innlendar tölur úr ársskýrslum ríkisspítala og upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun.

### **3.3. Samanburðarlönd og tími**

Val á samanburðarlöndum og tímabilum er ætluð umdeilanlegt, en hlýtur þó fyrst og fremst að helgast af hvaða tölum hefur verið haldið saman og hversu aðgengilegar þær eru. Óhægt er um vik að blanda saman tölum úr tveimur eða fleiri gagnaðrunnum þ.s. skilgreiningar og flokkun getur verið mismunandi, þó yfirleitt muni ekki miklu. Gögnin frá OECD eru lang viðamest, ná til allra aðildarlandanna 24, þó oft vanti nokkuð "inn í" tölurnar. Norraenu gögnin, einkum frá NOMESKO, eru hins vegar mun nákvæmari, á þann hátt að fleiri þáttum eru gerð skil, sérstaklega hvað varðar starfsmenn í heilbrigðisstéttum og framleiðsluþáttanotkun sjúkrastofnana. Þar sem því varð við komið var stuðst við gögn OECD eingöngu, eða þá að gögn OECD ásamt gögnum NOMESKO eru notuð hvort um sig til samanburðar. Samanburðarlönd eru ýmist öll lönd OECD, Norðurlöndin eingöngu, eða Norðurlönd ásamt Bretlandi, Bandaríkjum og Þýskalandi og fer það eftir þeim þáttum sem verið er að skoða í hvert skipti.

### 3.4. Samanburðaraðferðir

Þegar bera á saman milli landa einhvers konar þjóðhagstölur líkt og útgjöld til heilbrigðismála er vandinn ætíð að finna aðferð til að gera tölur, sem upphaflega eru í mismunandi einingum, þ.e. gjaldmiðlum og fyrir mismunandi stór þjóðfélög, sambærilegar. Hér á eftir eru í grunninn notaðar þrjár mismunandi aðferðir, sem hver um sig hefur sína kosti og galla.

1. Í fyrsta lagi eru útgjöld reiknuð sem hlutfall af VLF (vergri landsframleiðslu) hvers lands um sig. Petta er aðferð sem gjarnan hefur verið notuð þegar bera á saman heilbrigðisútgjöld, og gefur vísboundingu um "umfang" útgjalda til heilbrigðismála í viðkomandi hagkerfi. Þessi samanburður hefur hins vegar einnig ókost. Í löndum þar sem upphæð VLF sveiflast mjög mikið milli ára, líkt og á Íslandi, má búast við að nokkurs óstöðugleika gæti í öllum hlutfallstöllum af VLF, þ.s. útgjöld til einstakra málaflokka reynast stöðugri frá ári til árs en landsframleiðslan sjálf. Mismunur milli einstakra ára í hlutfalli útgjalda af VLF gæti því átt rót sína að rekja til sveiflna í VLF, en ekki verulegrar aukningar eða minnkunar útgjaldanna sjálfra í krónum talið.
2. Í öðru lagi er upphæð útgjalda á mann í mynt hvers lands umreiknuð með skráðu meðalgengi viðkomandi gjaldmiðils í USD og deilt í með mannfjölda viðkomandi lands til að fá útgjöld í sambærilegum einingum á mann í hverju landi. Sá ljóður er á að gögn sem umreiknuð hafa verið með skráðu meðalgengi gjaldmiðla endurspeglar því miður ekki aðeins mismunandi magn af vörum og þjónustu í viðkomandi löndum, heldur einnig mismunandi verðlag í þessum sömu löndum. Petta leiðir til þess að jafnvel þó tölurnar eigi að heita sambærilegar og í sama gjaldmiðli, eru þær það ekki í raun.
3. Í þriðja lagi er umreiknað með gengisvísítolu miðað við kaupmáttarjafnvægi eða ppp-vísítolu vergrar landsframleiðslu. Ppp er stytting á enska heitinu Purchasing Power Parity sem þýtt hefur verið á íslensku sem kaupmáttarjafnvægi. Gengisvísitala miðað við kaupmáttarjafnvægi er því eins konar alþjóðleg verðvísitala, og er fundin með því að bera saman verð á sams konar vörum í mismunandi löndum. Gengisvísitalan gefur því það vægi eða hlutfall gjaldmiðla, sem gerir okkur fært að kaupa sambærilega vörum og þjónustu í mismunandi löndum, en að því leyti svipar gengisvísítolunni til venjulegu gengisskráningaráinnar. Mismun þessara tveggja aðferða hefur verið lýst þannig að umreikningur með skráðu meðalgengi gefi nafnvirði útgjalda, en umreikningur með gengisvísítolu gefi raunvirði.

Æskilegast hefði eflaust verið að geta umreiknað útgjöldin með gengisvísítolu miðað við kaupmáttarjafnvægi í heilbrigðisþjónustu, eða ppp-vísítolu heilbrigðisþjónustu. Útreikningur slíkra gengisvísitalna innan einstakra vörum- eða þjónustugeira er hins vegar skammt á veg kominn, og almennt ekki talið verjandi að nota þær án fyrirvara um gildi útkomu úr þeim útreikningum. Því er hér eingöngu stuðst við umreikninga með gengisvísítolu miðað við kaupmáttarjöfnuð fyrir verga landsframleiðslu (eða ppp-VLF). Hér eftir verður notuð styttingin "gengisvísitala" fyrir þetta hugtak.

### 3.5. Aldursvegnar mannfjöldatölur

Þegar borin eru saman heilbrigðisútgjöld milli landa verður að hafa í huga, auk annarra fyrirvara sem nefndir voru í upphafi, að aldursdreifing þjóða er ólík. Þetta getur skipt verulegu máli í samanburði, þar sem heilbrigðisútgjöld á mann eru tiltölulega mest fyrir yngstu og elstu þegnana. Samkvæmt athugunum OECD<sup>1</sup> er hlutfall heilbrigðisútgjalda á mann fyrir þá sem eru 65 ára og eldri á móti þeim sem eru yngri en 65, að meðaltali um 4,0. Það er, heilbrigðisútgjöld á mann fyrir einstakling sem kominn er yfir 65, eru að meðaltali (16 þjóða meðaltal) fjórum sinnum hærri en fyrir þá sem eru undir 65. Þetta hlutfall er síðan enn hærra fyrir þær Norðurlandaþjóðir sem eru í athuguninni. Hlutfallið í Finnlandi og Svíþjóð er 5,5 og 4,1 í Danmörku. Svipaðar tölur liggja ekki fyrir um hlutfall heilbrigðisútgjalda á yngsta hópinn, t.d. undir 1 árs, og í ofangreindri könnun eru ekki tölur frá Íslandi. Með tilliti til þess að aldursdreifing á Íslandi er (alla vega enn sem komið er) nokkuð frábrugðin aldursdreifingu á hinum Norðurlöndunum, utan Grænland og Færeyjar, er ástæða til að athuga útgjöld til heilbrigðismála á mann með þetta í huga. Íslenska þjóðin er almennt yngri en hinar Norðurlandaþjóðirnar. Tiltölulega fleiri Íslendingar eru hlutfallslega í hópunum 0-14 ára og 14-64 ára, en á hinum Norðurlöndunum, en hins vegar eru hlutfallslega færri Íslendingar yfir 65 ára gamlir. Til að gera tölur yfir heilbrigðisútgjöld á mann sambærilegar milli Norðurlandanna hvað varðar aldursdreifingu er því notað hlutfall heilbrigðisútgjalda <65 móti >65 fyrir Finnland og Svíþjóð, það er 5,5. Með því að nota það hlutfall frekar en meðaltal OECD landanna í úttektinni, þ.e. 4,0 eða hlutfallið í Danmörku sem er 4,1, er tvennt unnið. Í fyrsta lagi sýna heilbrigðisútgjöld Íslendinga meiri samsömun við útgjöld Finna og Svífa, en Dana, þannig að líklegra má telja að hlutfallið hérlands yrði nær 5,5 en 4. Í öðru lagi þá liggja ekki fyrir tölur um hvert hlutfall heilbrigðisútgjalda er fyrir yngsta aldursflokkinn, 0-1 árs á móti 1-65 ára. Ef gert er ráð fyrir að þessi aldurshópur útheimti almennt hærri útgjöld á einstakling en aldursflokkurinn 1-65 ára, þá gerir aldursskipting Íslendinga það að verkum að útgjöld á mann lækka heldur í heildina. Þar sem ekki er reynt að leiðréttu fyrir þessum þætti í eftifarandi tölum þótti varlegra að taka hæsta hlutfall útgjalda á aldursflokkinn yfir 65 (þ.e. 5,5), til að útgjöldin dreifðust á fleiri í aldursleiðréttu mannfjöldatölunum. Taka má fram að einnig var gerð tilraun með að nota hlutfallið 6,5 til að taka enn frekar tillit til hlutfallslega hærri fæðingartíðni og þar með til fleiri einstaklinga 0-1 árs á Íslandi, en sá umrekningur gaf mjög svipaða ef ekki næstum alveg sömu mynd af útgjöldum á mann og umrekningur með stuðlinum 5,5.

Aðferðin sem notuð er, er í stuttu máli sú að mannfjöldatölum á Norðurlöndunum er umbreytt á staðlað form með því að gefa hverjum einstaklingi yfir 65 ára vægi í samræmi við hlutfallsleg heilbrigðisútgjöld vegna þess hóps. Þannig er hefur hver einstaklingur undir 65 ára á Íslandi vægið 1, en einstaklingur yfir 65 fær vægið 5,5. Þessum stöðluðu mannfjöldatölum er síðan deilt upp í útgjöld til heilbrigðismála, og fást þá aldursleiðrétt útgjöld á mann. Í yiðauka í kafla 9.5. eru sams konar útreikningar með hlutfallinu 6,5 á móti einum fyrir eldri hópinn, en þeir reikningar breyta ekki heildarmyndinni neitt að ráði, eins og áður segir.

<sup>1</sup>Sjá "Financing and Delivering Health Care", OECD 1987.

## 4. Heildarútgjöld til heilbrigðismála

### 4.1. Heildarútgjöld til heilbrigðismála, hlutfall af VLF


Viðmiðunartímabil: 1978-1990

Viðmiðunarlönd: öll aðildarlönd OECD


Hlutur heilbrigðisútgjalda af heildarútgjöldum, bæði opinberra aðila og einkaaðila, hefur farið vaxandi síðustu áratugi í öllum löndum OECD. Þó má merkja að hægt hafi á þessari þróun á síðasta áratug og má ætla að þetta sé í samræmi við vaxandi áhyggjur manna af umfangi ríkisgeirans og í mörgum tilfellum hallarekstri ríkisins.

Eins og myndirnar hér að neðan bera með sér þá námu heildarútgjöld til heilbrigðismála í löndum OECD árið 1980, þ.e. bæði útgjöld einstaklinga og opinbera aðila, allt frá 4% af VLF til 9,4 % af VLF. Hæst var hlutfallið í Svíþjóð, 9,4% eins og áður segir, en þar næst í Bandaríkjunum, 9,3% af VLF. Lægst var hlutfallið hins vegar í Tyrklandi og Grikklandi um eða undir 4% af VLF. Þetta ár voru heildarútgjöld Íslendinga riflega 6% af VLF, sem var undir meðaltali OECD-landanna. Af 24 löndum OECD lentu Íslendingar í 17. sæti ef löndum er raðað eftir því hversu háu hlutfalli VLF var varið til heilbrigðismála.

Heildarútgjöld og útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála árið 1980, hlutfall af VLF




Árið 1990 vörðu Bandaríkjumenn manna mest til heilbrigðismála, alls 12,4% af VLF, miðað við 9,3% árið 1980, og var það lang hæsta hlutfallstalan í OECD-löndunum. Kanadamenn, Svíar og Frakkar voru næstir í röðinni með yfir 8% VLF til heilbrigðismála, og þetta ár var hlutfallið á Íslandi 8,5%, hafði hækkað úr 6,5% árið 1980. Íslendingar eru því í 5. efsta sæti af OECD-löndunum, sé þeim raðað eftir því hversu háu hlutfalli VLF var varið til heilbrigðismála. Á þessum tíu árum færast Íslendingar því vel upp fyrir meðaltal OECD landanna hvað varðar hlutfallsleg útgjöld til heilbrigðismála af VLF, úr 17. efsta sæti í það 5. Að einhverju leiti má líklega skýra þessa aukningu með minni hagvexti á Íslandi en almennt í löndum OECD á síðustu árum, og þ.a.l. lægri landsframleiðslu, en með umreikningum þeim sem eftir fara ætti að vera búið að komast fyrir þá "skekku" í samanburði útgjalda.



Til glöggvunar fylgir hér mynd af þróun heildarútgjalda til heilbrigðismála á árunum 1978-90 í nokkrum löndum OECD. Eins og sjá má þá fer hlutfall heildarútgjalda til heilbrigðismála af VLF heldur lækkandi í Svíþjóð, en er nokkuð stöðugt í flestum hinna landanna, að Íslandi og Bandaríkjum undanskildum, en þar fer hlutfallið hækkandi. Á síðustu árunum er hlutfall mjög áþekkt á Íslandi og í Svíþjóð, eða riflega 8% af VLF, sem er nokkuð hærra en á hinum Norðurlöndunum. Lægst er hlutfallið í Bretlandi og Danmörku, um 6% flest árin, en hlutfallið í Pýskalandi fer nokkuð lækkandi síðari árin og er alveg um 8% af VLF árið 1990.

### Heildarútgjöld til heilbrigðismála, hlutfall af VLF




## 4.2. Heildarútgjöld til heilbrigðismála á mann í USD, umreiknuð með meðalgengi

Viðmiðunartímabil: 1978-1990

Viðmiðunarlönd: Norðurlönd, Bretland, Bandaríkin og Þýskaland

Heilbrigðisútgjöld á mann hafa aukist tölувert á viðmiðunartímanum, en þó má greina að uppsveifla er hjá flestum þjóðunum frá 1978 til um 1981, en þá er eins og komi "öldudalur". Um og upp úr 1986 taka útgjöldin síðan almennt að hækka nokkuð örт, og á það við um allar viðmiðunarþjóðirnar. Lægst eru útgjöldin á mann í Bretlandi frá rétt rúmlega 300 USD/mann, árið 1978 í um 1000 USD/mann árið 1990. Framan af tímabilinu eru útgjöld Finna tiltölulega lág á hvern íbúa en upp úr 1986 hækka þau nokkuð örт og eru orðin þau þriðju hæstu árið 1990. Í Danmörku aftur á móti, hafa útgjöldin haldist í lægri kantinum af samanburðarhópunum, allt frá um 1980, og eru þau önnur lægstu í samanburðarhópnum árið 1990. Til 1982 eru heildarútgjöld á mann hæst í Svíþjóð, en það ár og upp úr því eru útgjöldin hæst í Bandarskjunum, þó að Íslendingar fylgi fast á hæla þeirra á árunum 1987 og 1988. Íslensku útgjöldin lækka þó aftur á árunum 1989 og 1990 og eru þá orðin þau 4. eða 5. hæstu af samanburðarlöndunum.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála á mann í USD, umreiknuð með meðalgengi




### 4.3. Heildarútgjöld til heilbrigðismála á mann í USD, umreknuð með gengisvísitölu (ppp-VLF)

Viðmiðunartímabil: 1978-1990

Viðmiðunarlönd: Norðurlönd, Bretland, Bandaríkin og Þýskaland

Umrekningur með gengisvísitölu eða ppp-vísitölu gefur nokkuð aðra mynd en umrekningur í USD með gengisskráningu. Sveifluhreyfingarnar hverfa, en í staðinn kemur í ljós stöðug en jöfn aukning heilbrigðisútgjalda á öllu tímabilinu. Röðun landa í sæti eftir upphæð á mann breytist lítið sem ekkert. Bandaríkjameðalverma sem fyrr efsta sætið og á eftir þeim Svíar. En á árunum 1986 og 1987 eru þó útgjöld á mann á Íslandi ívið hærri en í Svíþjóð. Munurinn á útgjöldum Evrópulandanna á mann er þó tölувart minni þegar umreknað er með gengisvísitolunni en meðalgengingu. Einnig má benda á að aukning útgjalda í Finnlandi síðustu árin, sem kom fram í gögnum umreknuðum með meðalgengi, er lítt merkjanleg hér og gæti átt rót að rekja til gengisstefnu þar í landi. Það má ætla að umrekningar með ppp-gengi gefi réttari mynd af þróuninni en skráð gengi gjaldmiðla, jafnvel þó ekki sé stuðst við ppp-vísitölu fyrir heilbrigðisþjónustu og einnig má ætla að þetta sé betri viðmiðun en að miða við hlutfall útgjalda af VLF, sérstaklega hérlands.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála á mann í USD, umreknuð með  
gengisvísitölu (ppp-VLF)




#### 4.4. Heildarútgjöld til heilbrigðismála á mann í USD, umreiknuð með meðalgengi, miðuð við aldursvegnar mannfjöldatölur

Viðmiðunartími: 1978-1990

Viðmiðunarlönd: Norðurlönd, Bretland, Bandaríkin og Þýskaland

Pegar búið er að reikna aldursvegnar mannfjöldatölur með mismunandi vogum fyrir aldurshópana undir og yfir 65 ára og nota þær til að reikna út heildarútgjöld til heilbrigðismála á mann, umreiknuð með meðalgengi, má enn greina sveifluhreyfinguna sem er í "venjulegu" tölunum yfir heilbrigðisútgjöld á mann. Ef eitthvað er þá eykst hlutfallslegur munur milli útgjalda á mann í Bandaríkjum og Evrópu. Athyglisvert er að útgjöld á mann í Þýskalandi eru tölувert hærri sé miðað við aldursvegnar mannfjöldatölur en "venjulegar" mannfjöldatölur og árið 1988 eru þeirra útgjöld að nálgst útgjöld á mann í Bandaríkjum. Útgjöld Svíþjóð á mann eru töluvvert lægri, ef miðað er við aldursvegnar mannfjöldatölur og svipar hér meira til þess sem gerist meðal annarra Norðurlandaþjóðanna. Lægstu útgjöld á mann eru sem fyrr í Bretlandi, og eru töluvvert lægri en meðal viðmiðunarþjóðanna. Er á líður viðmiðunartíman hækka útgjöld á mann á Íslandi langt umfram það sem gerist meðal annarra Norðurlandaþjóða, en haldast á svipuðu "róli" og þýsku útgjöldin, eitthvað virðist þó draga úr útgjöldum árið 1989, þó líkur séu til að þau hækki lítillega aftur árið 1990, sbr. lið 4.2.

**Heildarútgjöld til heilbrigðismála á mann í USD, umreiknuð með meðalgengi, miðuð við aldurvegnar mannfjöldatölur**




#### 4.5. Heildarútgjöld til heilbrigðismála á mann í USD, umreiknuð með gengisvísitölu (ppp-VLF) miðuð við aldursvegnar mannfjöldatölur.

Viðmiðunartími: 1978-1990

Viðmiðunarlönd: Norðurlönd, Bretland, Bandaríkin og Þýskaland

Aftur hverfur sú sveifluhreyfing sem er í útgjöldum á mann reiknuðum með meðalgengi þegar gengisvísitala er notuð. Forskot Bandaríkjamaðra í útgjöldum á mann helst þó miðað sé við aldursvegnar mannfjöldatölur. Líkt og gerist með aldursvög og umreikningi með meðalgengi hækka útgjöld á mann í Þýskalandi tölувert í viðmiðuninni, og svipað má segja um íslensku tölurnar. Heilbrigðisútgjöld á mann á Íslandi eru töluvvert hærri en á hinum Norðurlöndunum allt frá árinu 1986, ef aldursvægi er notað á mannfjölda, og virðast ekki sýna tilhneigingu til að lækka aftur síðasta árið, eins og ef umreiknað er í USD með meðalgengi. Sænsku tölurnar, eru hér enn og aftur töluvvert lægri með aldursvæginu og mjög áþekkar því sem gerist í Danmörku, Finnlandi og Noregi.

**Heildarútgjöld til heilbrigðismála á mann í USD, umreiknuð með gengisvísitölu (ppp-VLF), miðuð við aldursvegnar mannfjöldatölur**



## 5. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála


Hér er átt við heildarútgjöld ríkis og sveitarfélaga til samans. Sömu reglum er fylgt við að gera tölur milli landa sambærilegar og að ofan. Fyrst eru útgjöld hins opinbera reiknuð sem hluti af VLF og síðan er yfirlit yfir heilbrigðisútgjöld á mann, umreiknuð með skráðu meðalgengi og gengisvísitölu. Að lokum er mannfjöldi í hverju landi aldursveginn m.t.t. hlutfalls íbúa undir og yfir 65 ára aldri og þær upplýsingar notaðar til að finna heilbrigðisútgjöld á mann, bæði umreiknuð með meðalgengi og gengisvísitölu.

### 5.1. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála, hlutfall af VLF

Viðmiðunartími: 1978-1990


Viðmiðunarlönd: öll aðildarlönd OECD

Sé litið til þess hvert hlutfall útgjöld opinberra aðila (þ.e. ríkis og sveitarfélaga samanlagt) til heilbrigðismála er af VLF, breytist röðun landanna innbyrðis töluluvert frá því sem gerist með heildarútgjöldin. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála eru árið 1980 hæst í Svíþjóð, alls 8,7% af VLF. Næst hæsta hlutfallið er á Írlandi, 8%, og síðan í Noregi, 6,5%. Útgjöld hins opinbera í Bandarískjunum eru þau þriðju lægstu af samanburðarhópnum 3,9%, það er aðeins í Grikklandi og Tyrklandi sem þetta hlutfall er lægra, eða um 3,6% í Grikklandi og rétt rúmlega 1% í Tyrklandi. Árið 1980 voru útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála á Íslandi 5,7% af VLF, Íslendingar voru þá það ár í 10. efsta sæti af löndum OECD ef svo má að orði komast.




Árið 1990 reyndist hlutfall heilbrigðisútgjálda opinberra aðila af VLF hæst í Svíþjóð, 7,8%, hafði lækkað úr 8,7% árið 1980. Fast á hæla Svíð komu Íslendingar, sem þetta ár vörðu 7,4% af VLF til heilbrigðismála, en hlutfallið hafði hækkað úr 5,7% árið 1980. Hlutfallsleg útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála af VLF hérleidis er því annað hæsta af öllum OECD-löndunum, og er það tölulevð hækjun frá 1980, þegar Íslendingar voru 10. efstu hvað þetta hlutfall varðar. Hlutfall flestra landanna liggur milli 5 og 6% af VLF, en lægst er það sem fyrr í Tyrklandi um 1% af VLF.

**Heildarútgjöld og útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála árið 1990,  
hlutfall af VLF**



**Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála, hlutfall af VLF**



## 5.2. Útgjöld hins opinbera á mann í USD, umreiknuð með meðalgengi


Viðmiðunartími: 1978-1990

Viðmiðunarlönd: Norðurlönd, Bretland, Bandaríkin og Þýskaland

Svipaða sveifluhreyfingu má greina í þróun í útgjöldum hins opinbera á mann og heildarútgjöldunum, sé reiknað með meðalgengi. Helsti munurinn á þessum tvennum tölu er að ólíkt því sem gerist um heildarútgjöld eru útgjöld hins opinbera á mann til heilbrigðismála lág í Bandaríkjunum.

Útgjöld hins opinbera reynast hæst í Svíþjóð, Noregi og á Íslandi, og eru Svíar þar í efsta sæti flest árin. Athyglisvert er að svo virðist sem Danir hafi náð að hemja útgjaldaaukningu hins opinbera til heilbrigðisgeirans síðustu árin og eyðir hið opinbera minni upphæð á mann til heilbrigðismála en gerist á öðrum Norðurlöndum. Á árunum 1978-80 eru Íslendingar í 3.-4. sæti af löndunum, á eftir Svíum, Norðmönnum og Þjóðverjum en á svipuðu róli og Danir. Frá og með 1981 skjótumst við upp fyrir Þjóðverja í 3. sætið á eftir Svíum og Norðmönnum, en Danir eins og áður segir ná betri tökum á útgjöldunum og eru árið 1987 í næstneðsta sæti af löndunum, af viðmiðunarlöndunum eru það aðeins Bretar sem eyða lægri upphæð á mann til heilbrigðismála. Frá og með 1986 fara útgjöld hins opinbera hérلendis til heilbrigðismála örт hækkandi og árið 1987 og 1988 eru þau hvergi í viðmiðunarlöndunum jafn há. 1989 lækka þau síðan lítillega aftur, og það ásamt því að útgjöld á mann í Svíþjóð og Noregi hækka einnig setur okkur í 2.-4. efsta sætið yfir útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála á mann síðustu ár viðmiðunartímans.

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála á mann í USD, umreiknuð með meðalgengi




### 5.3. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála á mann í USD , umreiknuð með gengisvísitölu (ppp-VLF)

Viðmiðunartími: 1978-1990

Viðmiðunarlönd: Norðurlönd, Bretland, Bandaríkin og Pýskaland

Líkt og gerðist með heildarútgjöld til heilbrigðismála þegar notuð var gengisvísitala í stað meðalgengis, þá hverfur niðursveiflan í þróun útgjalda á miðjum 9. áratugnum og í staðinn fæst stöðug og nokkuð jöfn aukning heilbrigðisútgjalda hins opinbera á mann. Svíar eyða sem fyrr mestu á hvern íbúa stærstan hluta tímabilsins, en árin 1987 og 1988 eru útgjöldin hæst á Íslandi, örlítið hæri en í Noregi, en Svíar verða þriðju í röðinni. 1990 eru sánsku útgjöldin þó aftur orðin hæst, en Íslendingar og Norðmenn í öðru og þriðja sæti. Athygli vekur að síðustu árin eru útgjöld hins opinbera í Bandaríkjunum orðin hæri á mann en t.d. í Pýskalandi og Finnlandi, ólíkt því sem gerist þegar umreiknað er með meðalgengi. Lægst er upphæðin á mann í Bretlandi og Danmörku.

**Útgjöld hins opinbera á mann í USD, umreiknuð með gegnisvísitölu (ppp-VLF)**




## 5.4. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála á mann í USD, umreknuð með skráðu meðalgengi, miðuð við aldursvegnar mannfjöldatölur

Viðmiðunartími: 1978-1990

Viðmiðunarlönd: Norðurlönd, Bretland, Bandaríkin og Þýskaland

Ef eingöngu eru skoðuð útgjöld opinberra aðila til heilbrigðismála á mann og miðað við aldursvegnar mannfjöldatölur, er þróunin ekki ósvipuð og í heildarútgjöldum með gengisumreikningi og mannfjöldavægi. Árin 1978-85 eru Svíar með hæstu útgjöldin á mann, en Þjóðverjar næst hæstu. Um og upp úr 1986 taka útgjöld hins opinbera að aukast í flestum landanna, en aukast nokkuð meira hérlendi árin 1987-88, en í öðrum viðmiðunarlöndum. Árið 1986 eru útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála hæst í Þýskalandi og á Íslandi, og eru því tölувert hærri þegar aldursvegin er notuð, heldur en "venjulegu" mannfjöldatölurnar í báðum tilvikum. Árin 1987 til 1989 eru síðan heilbrigðisútgjöld hins opinbera, með mannfjöldavægi hæst á Íslandi af öllum viðmiðunarlöndunum, en Þjóðverjar fylgja þar á eftir, en Svíar og Norðmenn í þriðja sæti.

**Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála á mann í USD, umreknuð með meðalgengi, miðuð við aldursvegnar mannfjöldatölur**




## 5.5. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála á mann í USD, umreknuð með gengisvísitölu (ppp-VLF), miðuð við aldursvegnar mannfjöldatölur

Viðmiðunartímabil: 1978-1990

Viðmiðunarlönd: Norðurlönd, Bretland, Bandaríkin og Þýskaland

Aftur gefa umrekningar með gengisvísitölu jafnari aukningu heilbrigðisútgjalfa hins opinbera en gengisumrekningar. Með því að aldursvega mannfjöldatölur og reikna útgjöld á mann með gengisvísitölu er ljóst að útgjöld Íslendinga á mann eru, sérstaklega seinni hluta tímabilsins, hærri en annarra í úrtakinu. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála í Bandaríkjunum eru með þessari reikningsaðferð mun hærri en áður mátti ætla, eða ekki ósvipuð og Svíð, Norðmanna og Þjóðverja. Munurinn á þessum löndum og Íslandi er þó nokkur, því 1988 og 1989 eru útgjöld hins opinbera, með þessari reikniaðferð, um 800 USD/mann á Íslandi, meðan næst hæstu útgjöldin eru í Þýskalandi riflega 700 USD/mann og í Noregi um 690 USD/mann. Með því að taka tillit til hlutfalls elstu íbúanna í hverju landi, eru útgjöld Svíð ekki eins há og með "venjulegum" umrekningi og hækkan útgjalda þar í landi á síðustu árum mætti e.t.v. skýra að einhverju leyti með "öldrun" þjóðarinnar, þó þessi skýring skv. myndinni hér að neðan eigi ekki við á Íslandi, en þetta þyrfti þó að athuga betur með nákvæmari aldursskiptingu.

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála á mann í USD, umreknuð með gengisvísitölu (ppp-VLF), miðuð við aldursvegnar mannfjöldatölur



## 6. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála; skipting milli nokkurra málaflokka


### 6.1. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála, hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera

Viðmiðunartími: 1978-1990

Viðmiðunarlönd: Norðurlönd, Bretland, Bandaríkin og Pýskaland

Ef litið er til þess hve stórr hluti útgjalda hins opinbera rennur til heilbrigðismála, þá kemur í ljós að þetta hlutfall er mun hærra hérlandis en í viðmiðunarlöndunum. Lægst er þetta hlutfall í Danmörku um eða undir 10% af heildarútgjöldum hins opinbera, og hefur heldur lækkað á viðmiðunartímanum. Í Bretlandi er hlutfallið nálægt 12% á tímabilinu og breytist lítið. Í Bandaríkjum er hlutfallið að þokast úr rúmlega 10% árið 1978 í tæplega 15% árið 1989, en í hinum löndunum helst hlutfallið nokkuð stöðugt líkt og í Bretlandi, um 13-14% af heildarútgjöldum hins opinbera, síðstu tvö árin er hlutfallið í Finnlandi þó um eða yfir 15%. Árið 1978 er þetta sama hlutfall á Íslandi 17,5% og fer heldur haekkandi en hitt þegar líður á tímabilið, hæst varð þetta hlutfall árið 1987, 20,8%, en lækkar lítillega næstu tvö árin, er 20% árið 1988 og 19,9% 1990.

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála, hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera




## 6.2. Neysluútgjöld hins opinbera til heilbrigðismála, hlutfall af heildarneysluútgjöldum

Viðmiðunartími: 1988

Viðmiðunarlönd: Norðurlönd

Í þessum hluta og næsta er vert að hafa í huga að flokkun útgjalda gæti verið lítillega mismunandi milli viðmiðunarlandanna, og því skekkt myndina. Ekki lágu fyrir eins nákvæmar upplýsingar um skiptingu útgjalda hins opinbera fyrir öll OECD löndin, líkt og fyrir Norðurlöndin, og nær því þessi samanburður eingöngu til Norðurlandanna. Íslendingar hafa einnig helst viljað miða uppbryggingu velferðarkerfisins við þessi lönd, frekar en önnur lönd Evrópu eða Bandaríkin. Hlutfall neysluútgjalda til heilbrigðismála, er mun hærra á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Meðan Íslendingar vörðu tæplega 40% af heildarneysluútgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála, var sama hlutfall á öðrum Norðurlöndum milli 20-25%.

Hlutfallsleg skipting neysluútgjalda hins opinbera árin 1988




### 6.3. Hlutfallsleg skipting neysluútgjalda hins opinbera, nokkrir flokkar

Viðmiðunartími: 1988

Viðmiðunarlönd: Norðurlönd

Eins og tekið er fram að ofan, rennur tæplega 40% neysluútgjalda hins opinbera á Íslandi til heilbrigðismála. Útgjöld til menntamála eru hins vegar lægri og útgjöld til félagsmála, mun lægri en á hinum Norðurlöndunum. Ef haft er í huga að aldursdreifing Íslendinga (þ.e. hlutfallslega fleiri í yngri aldursflokkunum), eru þessar dreifingartölur enn áhugaverðari.

Hlutfallsleg skipting útgjalda hins opinbera til félags- og heilbrigðismála árið 1988



## 7. Fjöldi starfsmanna í heilbrigðisþjónustu


### 7.1. Fjöldi starfandi lækna á hverja 1.000 íbúa

Viðmiðunartími: 1978-1990

Viðmiðunarlönd: Norðurlönd, Bretland, Bandaríkin og Þýskaland

Starfandi læknum fjölgæði á tímabilinu úr um 2 í 2,5-3 á hverja 1.000 íbúa, í flestum ofangreindra landa frá árinu 1978. Ef litið er á heildina hefur Bretland hlutfallslega lang fæsta lækna, eða tæplega 1,5 á hverja 1.000 íbúa og hefur sú tala lítið breyst á tímabilinu. Af Norðurlöndunum eru fæstir læknar á íbúa í Finnlandi, um og undir 2, en á hinum Norðurlöndunum er talan alls staðar mjög svipuð, 2-3 og er Ísland þar á meðal.

Fjöldi starfandi lækna á hverja 1.000 íbúa




## 7.2. Fjöldi menntaðra hjúkrunarfræðinga á hverja 1.000 íbúa

Viðmiðunartími: 1978-1990

Viðmiðunarlönd: Norðurlönd, Bretland, Bandaríkin og Þýskaland

Tölувert vantar hér inn í gögn OECD, en flestir menntaðir hjúkrunarfræðingar eru í Noregi, frá um 11 til tæplega 30 á hverja 1.000 íbúa árið 1990. Næstflestir menntaðir hjúkrunarfræðingar eru í Svíþjóð, frá um 5 til 10 og eitthvað örlið færri hérlandis. Fæstir eru hjúkrunarfræðingar á íbúa í Bretlandi, 3-4 öll árin og fer heldur fjölgandi, eins og á reyndar við um öll löndin.

Fjöldi menntaðra hjúkrunarfræðinga á hverja 1.000 íbúa




## 7.3. Fjöldi starfandi hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og ljósmæðra á hverja 1.000 íbúa

